



# Hrunið - þið munið

Ráðstefna í Aðalbyggingu Háskóla Íslands  
5. og 6. október 2018

Dagana 5. til 6. október 2018 stendur Háskóli Íslands fyrir ráðstefnunni Hrunið, þið munið.

Tilgangur ráðstefnunnar er að miðla til almennings niðurstöðum nýlegra rannsókna á aðdraganda og afleiðingum af hruni íslenska bankakerfisins haustið 2008.

Á dagskrá eru um 100 fyrirlestrar í yfir 20 málstofum sem fjalla um þær viðtæku breytingar og áhrif sem hrunið hafði í för með sér í íslensku samfélagi og þá lærdóma sem hægt er að draga af því.

Sérstakir gestir ráðstefnunnar eru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Ralph Catalano prófessor í lýðheilsu við Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum.

Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis.

Athygli er vakin á gagnabankanum [hrunid.hi.is](http://hrunid.hi.is) með margháttuðu efni sem tengist bankahruninu 2008, aðdraganda þess og eftirmálum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Föstudagurinn 5. október

---

### **13.00. Setning (hátiðasalur, Aðalbygging Háskóla Íslands)**

Jón Atli Benediktsson háskólarektor setur ráðstefnuna

Ávarp Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands

Aðalfyrirlesari: Ralph Catalano: The Health Effects of Recessions

Great and Small 4

### **Kl. 14.30: Síðdegishressing**

### **15.00 Málstofur (Aðalbygging Háskóla Íslands)**

Kvikmyndir, skáldverk og minjagripir sem tengjast bankahruninu (A050) 4

„Bankanum þínum er sama um þig!“ Rokk á Íslandi fyrir, í og eftir Hrun (A051) 5

Félagslegur ójöfnuður í kjölfar hrunsins (A052) 5

Endurreisn trausts? Fyrirtæki, stofnanir og traust almennings í  
kjölfar efnahagsáfalls (hátiðasalur) 6

Heilsa og líðan barna og starfsfólks fjármálafyrirtækja og sveitarfélaga  
í kjölfar hrunsins 6

Ráðstefnan „Hrunið, þið munið“ er styrkt af:

Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands

Mobilities & Transnational Iceland

Skrifstofu rektors Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu; Berglind Rós Magnúsdóttir (Menntavísindasviði HÍ), Jón Karl Helgason (Hugvísindasviði HÍ), Kristín Loftsdóttir (Félagsvísindasviði HÍ), Magnús Diðrik Baldursson (skrifstofu rektors), Ragnar Sigurðsson (Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ), Rúnar Vilhjálmsson (Heilbrigðisvísindasviði HÍ). Starfsmaður nefndarinnar er Jón Bragi Pálsson.

## Laugardagurinn 6. október

---

### **10.30 Málstofur (Aðalbygging Háskóla Íslands)**

Hrunið og mótmælin sem það vakti (A050)	7
Uppbygging og niðurrif bankakerfa og bygginga (A051)	7
Efnahagshrunið og skólastarf í þremur sveitarfélögum (A052)	8
Hið meinta hrun karlmennsku og feðraveldis (hátíðasalur)	8
Birtingarmyndir hrunsins í sjónlistum (A220)	9
Bankabasl, glæpir, peningar og lýðræðisþátttaka (A229)	9

### **Kl. 12.00: Hádegisverðarhlé**

### **Kl. 12:45: Listviðburður (anddyri, Aðalbygging Háskóla Íslands)**

Rational Inattention (2017, Rosie Heinrich), kórsöngur, 4 mínútur	10
---	----

### **Kl. 13.00: Málstofur (Aðalbygging Háskóla Íslands)**

Myndlist og umrót / Creativity in times of crisis (A051)	10
Áhrif efnahagshrunsins á íslensk stjórnsmál, fyrri hluti (A050)	11
Ferðamannalandið Ísland – nýr veruleiki eftir hrun (A052)	12
Áhrif efnahagshrunsins á heilsu og heilsutengda hegðun (A220)	12
Aðgerðir og viðbrögð stofnana og fyrirtækja í kjölfar hruns, fyrri hluti (Lögberg 101)	13
Karlmennska og kapítalismi í íslenskum samtímabókmenntum, fyrri hluti (A229)	14
Getum við nú rætt Icesave? fyrri hluti (hátíðasalur)	15

### **Kl. 14.30: Síðdegishressing**

### **Kl. 15.00: Málstofur (Aðalbygging Háskóla Íslands)**

Áhrif efnahagshrunsins á íslensk stjórnsmál, síðari hluti (A050)	11
Úr atvinnuleysi í nám: Veruleiki eftirhrunsáranna (A052)	15
Aðgerðir og viðbrögð stofnana og fyrirtækja í kjölfar hruns, síðari hluti (Lögberg 101)	13
Karlmennska og kapítalismi í íslenskum samtímabókmenntum, II (A229)	14
Getum við nú rætt Icesave? síðari hluti (hátíðasalur)	15

### **Kl. 16.30 Hestaskál, svalir framan við hátíðasal**

Föstudagur 5. október, 13.00-14.30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, hátíðasalur

---

### **Ralph Catalano - The Health Effects of Recessions Great and Small**

Ralph Catalano, félagsvísindamaður og prófessor í lýðheilsu við Berkeley háskóla, flytur annan aðalfyrirlestur ráðstefnunnar og ber hann titilinn: „The Health Effects of Recessions Great and Small.“

Catalano er meðal fremstu vísindamanna í rannsóknum á tengslum efnahagslífs og lýðheilsu, einkum áhrifum félags- og efnahagslegra þátta á álag og álagstengd heilbrigðisvandamál innan samfélagshópa og samfélaga. Meðal viðfangsefna hans má nefna rannsóknir á áhrifum efnahagssveiflna á hjarta- og æðasjúkdóma, geðheilsu, meðgöngu- og fæðingartengd heilbrigðisvandamál, og notkun heilbrigðisþjónustu.



Föstudagur 5. október, 15.00-17.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 050

Málstofustjóri: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir

---

### **Kvikmyndir, skáldsaga, minjagripir sem tengjast bankahruninu**

Hvernig hefur hrunið sett mark sitt á íslenskt samfélag og menningu á þessum áratug? Er mönnum það ofarlega í huga; er landinn gagnrýnni á sjálfan sig en fyrr? Í erindunum verður gægst inn í þrjá kima, kvikmyndir, skáldsögur og minjagripasölu og reynt að leita svara við slíkum spurningum. Meðal annars verður rætt um ólíkar leiðir sem menn feta við túlkun hrunsins, sjálfmyndir þjóðar, hrylling og húmor, túrista og taugakerfi samfélagsins.

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir: **Lundaleppar, hrossatað og norðurljósasokkabuxur: Stolt Íslands eftir hrun?**

Björn Þór Vilhjálmsson: „Íslensk kvikmyndagerð á höggstokknum“: **Áhrif hrunsins á íslenska kvikmyndagerð**

Gunnar Tómas Kristófersson: **Hrunadans og hamfarir: Íslensk kvikmyndagerð í aðdraganda hrunsins**

Kjartan Már Ómarsson: **Á býlinu, á götunni og á þingi: Hrunið í þremur íslenskum samtímakvikmyndum**

Sigrún Margrét Guðmundsdóttir: **Hrun á fjöllum: Um samfélag og taugakerfi í Hálendi Steinars Braga**

Föstudagur 5. október, 15.00-17.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 051

Málstofustjóri: Davíð Ólafsson

---

**„Bankanum þínum er sama um þig!“ Rokk á Íslandi fyrir, í og eftir Hrun.**

Í þremur erindum verður fjallað um dægurtónlist og tónlistariðkun sem vettvang andspyrnu, uppgjörs og endurreisnar á Íslandi á árunum fyrir og eftir hrun. Sjónum verður einkum beint að tónlistariðkun sem stendur utan meginstraums dægurmenningar og á rætur í grasrótastarfi og aktívisma.

Davíð Ólafsson: **Kaffi Hjómalind sem and-rými á tímum bóluhagkerfisins**

Arnar Eggert Thoroddsen: **„Óréttlæti er óréttlátt“: Íslenskir verkalyðssöngvar eftir Hrun**

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir, Íris Ellenberger og Áslaug Einarsdóttir: **Stelpur rokka! Konur og dægurtónlist í hruni og endurreisn**

Föstudagur 5. október, 15:00-17:00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 052

Málstofustjóri: Sigrún Ólafsdóttir

---

**Félagslegur ójöfnuður í kjölfar hrunsins**

Ísland hefur löngum verið talið mjög jafnt samfélag, en aukning á ójöfnuði hefur sjaldan gerst eins hratt og á árunum fyrir Hrun. Eðlilega hafði Hrunið áhrif á ójöfnuð en í kjölfar þess minnkaði hann, bæði sökum stefnumótunar og þess að margir misstu mikið. Í þessari málstofu munum við skoða afleiðingar Hrunsins fyrir ójöfnuð á tvennan hátt: 1) hvernig Íslendingar hugsa um stéttarstöðu og ójöfnuð og 2) fyrir ójöfnuð í heilsu og menntun.

Guðmundur Ævar Oddsson: **Hrunið og stéttaorðræða**

Sigrún Ólafsdóttir og Agnar Freyr Helgason: **Áhrif hrunsins á ójöfnuð í heilsu**

Arndís Vilhjálmisdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Inga Dóra

Sigfúsdóttir: **Tekjuójöfnuður í hverfasamfélögum og andleg heilsa:**

**Lýðgrunduð rannsókn meðal íslenskra unglinga**

Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir: **„Það er auðvitað ekki**

**þverskurðurinn af þjóðfélaginu sem býr hér“: Um vaxandi stétt- og menningar-  
aðgreiningu í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins á árunum 1997-2016**

Föstudagur 5. október, 15.00-17.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, hátíðasalur  
Málstofustjórar: Gylfi Zoega og Pröstur Ólafur Sigurjónsson

---

**Endurreisn trausts?  
Fyrirtæki, stofnanir og traust almennings í kjölfar efnahagsáfalls**

Málstofan tengist útgáfu bókar um endurreisn trausts í kjölfar efnahagsáfalls sem Emerald Publishing gaf út í ágúst 2018, með enska heitinu *The Return of Trust? Institutions and the Public after a Crisis*. Efni bókarinnar, sem byggist á sjálfstæðum köflum eftir um á annan tug höfunda, tekur á því hvernig stofnanir og fyrirtæki báru sig að við endurreisn trausts í kjölfar efnahagsáfallsins á Íslandi árið 2008. Helstu niðurstöður eru þær að það tekur tíma að endurvinnna traust, en mörg jákvæð skref hafa verið tekin í þá átt. Nokkrir höfundar kafla í bókinni halda fyrirlestra á málstofunni. Meðal skilaboða eru þau að nauðsynlegt er að hafa virkt eftirlit með ákvörðunum og athöfnum á vettvangi stjórn mála og viðskipta.

Gylfi Zoega: **Að endurvekja traust í kjölfar efnahagsáfalls á Íslandi**

Stefan Wendt og Andreas Oehler: **Trust and Financial Services: The Impact of Increasing Digitalization and the Financial Crisis** (fyrirlestur fluttur á ensku).

Auður Arna Arnardóttir og Pröstur Ólafur Sigurjónsson: **Endurreisn trausts með bættem stjórnarháttum og kynjakvóta.**

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Guðrún Johnsen: **Traust almennings á stofnunum fyrir og eftir efnahagsfallið á Íslandi: Stofnanagerð tortryggni**

Föstudagur 5. október, 15.00-17.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 220  
Málstofustjóri: Ásta Snorradóttir

---

**Heilsa og líðan barna og starfsfólks í kjölfar hrunsins**

Fjallað er um íslenskar rannsóknir sem hafa skoðað heilsu og líðan barna og starfsfólks fjármálafyrirtækja og sveitarfélaga hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Rannsóknirnar sýna að fjármálahrunið hafði umtalsverð áhrif á vanlíðan og samskiptavandamál meðal starfsfólks áður nefndra hópa. Aftur á móti eru áhrif þess á heilsu og líðan barna lítil enn sem komið er. Málstofan varpar ljósi á tengsl fjármálahrunsins við breytingar á líðan og heilsu þessara hópa.

Ásta Snorradóttir: **Líðan og heilsa starfsfólks í íslenskum bönkum í kjölfar bankahrunsins**

Hjördís Sigursteinsdóttir: „Samskiptin á vinnustaðnum hafa breyst frá hruninu“:  
**Rannsókn meðal starfsfólks sveitarfélaga.**

Geir Gunnlaugsson: **Heilsa og líðan barna fyrir og eftir Hrunið.**

Ásdís Aðalbjörg Arnalds: **Fæðingarorlof og foreldrahlutverk á tímum efnahagskreppu**

**Laugardagur 6. október, 10:30-12.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 050**

Málstofustjóri: Jón Gunnar Bernburg

---

### **Hrunið og mótmælin sem það vakti**

Fjöldamótmælin veturinn 2008 til 2009 („Búsáhaldaþyngingin“) verða tekin til umfjöllunar á þessari málstofu út frá ólíkum sjónarmiðum innan félags- og hugvísinda.

Jón Gunnar Bernburg: **Búsáhaldamótmælin í félagsfræðilegu ljósi**

Ingólfur V. Gíslason: **Ábyrgð eða múgæsing? Samskipti lögreglu og mótmælenda.**

Jón Ólafsson: **Jaðarinn og miðjan: Hvaða varanlegu pólitísku áhrif höfðu mótmælin sem byltu samfélaginu?**

**Laugardagur 6. október, 10:30-12.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 051**

Málstofustjóri: Ásgeir Brynjar Torfason

---

### **Uppbygging og niðurrif bankakerfa og bygginga**

Markaðurinn hefur verið drifkrafturinn að baki uppbyggingu borga í Evrópu síðan á miðöldum. Kerfin sem borgir og markaðir byggjast á eru þó ekki náttúruleg mál. Alþjóðlega fjármálahrunið sýndi mikla bresti í uppbyggingu markaðskerfisins. Aðdragandinn og efnahagshrunið sjálf hafði áhrif á kerfin að baki uppbyggingu hins manngerða umhverfis. En hvernig hefur endurskoðun þessara kerfa verið háttáð eftir hrun? Málstofan skoðar endurgerð mikilvægra samfélagskerfa út frá sjálfbærni og mismunandi mælistikum á verðmæti.

Anna María Bogadóttir: **Verðmæti tímans – uppbygging og niðurrif bygginga**

Ásgeir Brynjar Torfason: **Uppbygging bankakerfis á gömlum rústum - hvaða hönnunarforsendum var breytt?**

Sigrún Davíðsdóttir: **Aflandsvæddasta land í heimi**

Laugardagur 6. október, 10.30-12.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 052

Málstofustjóri: Anna Kristín Sigurðardóttir

---

### **Efnahagshrunið og skólastarf í þremur sveitarfélögum**

Greint verður frá niðurstöðum rannsóknar á áhrifum efnahagshrunsins á skólastarf á árunum 2011 – 2014, í þremur ólíkum sveitarfélögum og þær ræddar í ljósi stöðu íslenska skólakerfisins í dag. Fjallað er um efnið út frá sjónarhóli stjórnvalda, skólastjórnenda, kennara, foreldra og nemenda. Varpað er ljósi á m.a. viðbrögð, áhrif og framtíðarsýn. Niðurstöður benda til þess að efnahagshrunið hafi haft margvísleg áhrif sem ekki er séð fyrir endann á.

Anna Kristín Sigurðardóttir: **Bakgrunnur og tildrög rannsóknarinnar**

Arna H Jónsdóttir: **Leikskólinn: „Þetta var í fyrsta skipti sem ég virkilega var búin að fá nóg“**

Steinunn Helga Lárusdóttir og Börkur Hansen: **Grunnskólinn: „Maður hefur ákveðna þolinmæði...en þessu verður að fara að ljúka.“**

Guðný S. Guðbjörnsdóttir: **Framhaldsskólinn: „Við urðum samhentari í fyrstu en nú er farið að gæta þreytu... „gúdvillið“ [er] búð.“**

Laugardagur 6. október, 10:30-12.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, hátíðasalur

Málstofustjóri: Þorgerður J. Einarsdóttir

---

### **Hið meinta hrun karlmennsku og feðraveldis**

Með hruni fjármálakerfis árið 2008 hrapaði jafnframt traust til helstu stofnana samfélagsins svo sem stjórnmalanna, dómskerfisins og kirkjunnar sem að mestu höfðu lotið stjórn karla. Þær raddir urðu háværar að tími kvenna væri runninn upp, gluggi tækifæra opnaðist fyrir kynjakvóta og rými skapaðist fyrir konur í æðstu embætti. Í málstofunni verða flutt fjögur erindi um karlmenskugmyndir fyrir og eftir hrun, orðræðu um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja og áhrif kvótaganna fyrir valdatengsl kynjanna í íslensku viðskiptalífi.

Gyða Margrét Pétursdóttir: **Karlmennskur fyrir og eftir hrun: Óstöðugleiki og reiptog**

Þorgerður J. Einarsdóttir: **Hrun karlmennskunnar og konur til bjargar: Hver er staðan 10 árum síðar?**

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir: **Um stjórnun og glerkletta í kjölfar hrunsins**

Laufey Axelsdóttir: **Kynjakvótar og hrunið**



**Laugardagur 6. október, 10:30-12.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 220**

Málstofustjóri: Hlynur Helgason

---

### **Birtingarmyndir hrunsins í sjónlistum**

Í aðdraganda og eftirleik þeirra atburða sem áttu sér ögurstund í október árið 2008 varð myndlistarlífið á Íslandi í senn merkisberi þess sem var að eiga sér stað og vettvangur efasemda og gagnrýni á líðandi þróun og almenn viðbrögð við henni. Þetta ætlum við, myndlistarmenn og fræðimenn, að skoða í ljósi aðdraganda hrunsins og þess lærdóms sem listin dregur af eftirleiknum.

Hlynur Helgason: **Völlurinn, 10 árum síðar: kvikmynd / gagnrýnin skoðun á því ástandi sem við nú búum við í eftirleik atburðanna árið 2008**

Guðmundur Oddur Magnússon: **Myndmál hrunsins**

Hlynur Hallsson: **Það var ekkert hrun**

Björn Erlingsson: **Ísland á umbrotatímum, 10 ár frá hruni (í máli og myndum)**

**Laugardagur 6. október, 10:30-12.00. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 229**

Málstofustjóri: Helgi Gunnlaugsson

---

### **Bankabasl, glæpir, peningar og lýðræðisþátttaka.**

Í málstofunni verða áhrif bankahrunsins á nokkur lykilsvið íslensks samfélags tekin fyrir. Hvaða áhrif hafði hrunið á ímynd fjármálastofnana? Byggt er á mælingum sem gerðar voru árlega 2006-2017. Niðurstöðurnar gefa áhugaverða sýn á afstöðu Íslendinga og hvort og hvernig ímynd fjármálastofnana breyttist á tímabilinu. Þróun afbrota eins og hún birtist í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra verður greind bæði fyrir og eftir hrunið. Jókst tíðni glæpa í kjölfar hrunsins? Hvernig samræmast gengistryggð og verðtryggð lán löggjöf evrópskra stofnana sem Ísland er hluti af? Að lokum er fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslur og beint lýðræði. Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að þjóðaratkvæðagreiðslur auki vitund okkar um siðferðislega ábyrgð í stjórnmálum?

Helgi Gunnlaugsson: **Hver voru áhrif bankahrunsins 2008 á tíðni afbrota á Íslandi?**

Elvira Méndez-Pinedo; **Did European law help consumers/mortgage debtors affected by financial crisis in Iceland? Where do we stand today?**

Þórhallur Örn Guðlaugsson: **Áhrif bankahrunsins á ímynd fjármálastofnana**

Salvör Nordal: **Þjóðaratkvæðagreiðslur og lýðræðisþátttaka eftir hrun**

**Laugardagur 6. október, 12.45-13.00. Háskóli Íslands, anddyri Aðalbyggingar**

---

**Rational Inattention (2017, Rosie Heinrich), lifandi flutningur kórverks,**  
4 mínútur, með inngangi höfundar

Verkið fjallar um íslenska efnahagshrunið 2008 og er meginstef tónverksins laglína vöggvísunnar „Sofðu unga ástin mín“. Listakonan lýsir efni verksins svo: „Through the synthesis of an economic behavioural model and the much-loved lullaby, *Sofðu Unga Ástin Mín* (Sleep, My Young Love), *Rational Inattention* is an economic formula sung to the melody of one of the nation’s favourite bedtime songs. Essentially, the model rejects the enduring assumption that those working in the financial markets are ‘rational beings’ and embraces uncertainty as characteristic of economic behaviour. Despite decades of work, this model does not yet function. The lullaby – also dubbed as Iceland’s ‘national anthem’ – is about a mother leaving her child to die in the wilderness, an historic act in the face of untenable economic and harsh weather conditions, known as *bera út*. The freshly published songbook of *Rational Inattention* will be used in the performance.“

Söngtexti: Christopher A. Sims

Stjórnandi: Hilmar Örn Agnarsson

Höfundur útsetningar: Jón Ásgeirsson

Kór: Birna Bragadóttir, Björn Gunnarsson, Gerður Gestsdóttir, Katrín Magnúsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, Þorsteinn Geirharðsson, Þorsteinn Magni Björnsson.

**Laugardagur 6. október, 13:00-16:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 051**  
Málstofustjóri: Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

---

### **Myndlist og umrót / Creativity in times of crisis**

Málstofan, sem fer fram á ensku, tekur til umræðu tengsl lista, mynda, frásagna og hugmyndafræði á tímum nýfrjálshyggju, kreppu og samfélagslegra umbreytinga. Fjallað er um myndmál og myndlist - oft spyrnt við þjóðernislega sjálfsmynd - í samhengi við hrunið og mikilvægi menningarlegrar gagnrýninnar og listrænnar sköpunar. Enn fremur er velt upp spurningum um gildi og hlutverk listrannsókna í samfélaginu og hvernig aðferðir lista og akademískra rannsókna geti átt í gagnkvæmu samtali, samstarfi, þekkingarsköpun.

#### **The art of crisis**

Rosie Heinrich (THIRD, Das Graduate School), Guðbjörg R. Jóhannesdóttir (Háskóli Íslands) and Alexander Graham Roberts (Listaháskóli Íslands)

Laugardagur 6. október, 13:00-16:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 050

Málstofustjóri: Sjöfn Vilhelmsdóttir

---

### Áhrif efnahagshrunsins á íslensk stjórnmal

Í málstofunni verða afleiðingar efnahagshrunsins á íslensk stjórnmal skoðaðar. Bæði verður horft til áhrifa hrunsins á viðhorf og hegðun almennings gagnvart stjórnmalum og stjórnvöldum, sem og áhrif þess á starfshætti stjórnvalda, s.s. ríkisstjórna og sveitarstjórna.

Agnar Freyr Helgason: **Hrunið og viðhorf almennings til helstu málefna á sviði stjórnmalanna**

Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson: **Kjósendur á krossgötum: Kosningar í kjölfar efnahagshrunsins**

Gunnar Helgi Kristinsson: **Hrunið og starfshættir ríkisstjórna**

*14:30-15:00: Hlé*

Sjöfn Vilhelmsdóttir: **Pólítískt traust á Íslandi: Þróun þess í kjölfar hrunsins**

Jóhanna Gunnlaugsdóttir: **Í kjölfar hrunsins: Upplýsingaleynd, gagnsæi og traust**

Birgir Guðmundsson: **Fagleg blaðamennska eftir hrun**

**Laugardagur 6. október, 13:00-14:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 052**

Málstofustjóri: Gunnar Þór Jóhannesson

---

### **Ferðamannalandið Ísland? Nýr veruleiki eftir hrun**

Hrunið hafði gagnger áhrif á samfélag og hagkerfi Íslands. Í andrúmslofti sem markaðist af leit eftir fótfestu í umróti fékk ferðaþjónusta áður óþekkta athygli sem ein megin tekjulind erlends gjaldeyris fyrir þjóðarbúið. Á árunum eftir Hrun, sérstaklega eftir Eyjafjallajökulsgosið hefur ferðamennska á Íslandi sprungið út. Að einhverju leyti má segja að Ísland sé orðið ferðamannaland. Í þessari málstofu munu frummælendur fjalla um tengsl Hrunsins við ferðamannalandið Ísland frá ólíkum sjónarhólum. Sjónum verður beint að breytingum á stöðu ferðaþjónustunnar, upplifun fólks af vaxandi ferðamennsku og að nýjum veruleika ferðamála eins og hann birtist í dag og þeim áskorunum og möguleikum sem í honum býr.

Gunnþóra Ólafsdóttir: **Í auga stormsins - gildi ferðalaga.**

Gunnar Þór Jóhannesson: **Blessað Hrunið! Um veruleika ferðamála**

(Háskóli Íslands)

Eyrún Jenný Bjarnadóttir: **Er allt í klandri í ferðamannalandi?**

Magnfríður Júlíusdóttir (Háskóli Íslands) og Íris Hrund Halldórsdóttir: **Erlent vinnuafli til bjargar?**

**Laugardagur 6. október, 13:00-14:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 220**

Málstofustjórar: Arna Hauksdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

---

### **Áhrif efnahagshrunsins á heilsu og heilsutengda hegðun**

Íslenska efnahagshrunið hafði á skömmum tíma mikil og augljós áhrif á efnahag landsmanna. Óljósara var hvort og þá hvernig þættir á borð við heilsu, líðan og heilsuhegðun breyttust. Á síðasta áratug hafa farið fram töluverðar rannsóknir á þessum áhrifum sem birst hafa í fjölda vísindagreina hérlendis og erlendis. Í málstofunni munu nokkrir vísindamenn sem staðið hafa að þessum rannsóknum fjalla um niðurstöður þeirra og lærdóma.

Arna Hauksdóttir: **Heilsufarslegar afleiðingar efnahagshrunsins**

Hildur Guðný Ásgeirsdóttir: **Áhrif efnahagshruns á tíðni sjálfsskaða, sjálfsvígstílauna og sjálfsvíga á Íslandi**

Dagný Ósk Ragnarsdóttir: **Hrunið og háþrýstingur**

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir: **Efnahagssveiflur og heilsa: lærdómar frá íslenska efnahagshruninu**

**Laugardagur 6. október, 13:00-16:30. Háskóli Íslands, Lögberg, stofa 101**

Málstofustjóri: Arney Einarisdóttir

---

**Aðgerðir og viðbrögð stofnana og fyrirtækja í kjölfar hruns**

Efnahagshrunið haustið 2008 hafði ýmsar afleiðingar í för með sér og kallaði fram aðgerðir og viðbrögð af ýmsum toga af hálfu fyrirtækja og stofnana hér á landi. Fjallað verður um hvernig fyrirtæki og stofnanir brugðust við með ýmsum aðgerðum og breyttum stjórnunarháttum í kjölfar hrunsins, bæði til skamms tíma og langs og hvernig lækkun launa dreifðist um samfélagið.

Gylfi Magnússon: **Nefndu það við eigum það!**

Arney Einarisdóttir: **Mannauðstengdar samdráttaraðgerðir í kjölfar hruns og í langvarandi kreppu**

Katrín Ólafsdóttir: **Launalækkarnir í kjölfar hruns: Var konum hlíft?**

Ásta Dís Óladóttir: **Hafa aðferðir stjórnenda breyst eftir efnahagshrunið 2008?**

*14:30-15:00: Hlé*

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: **Traust til stjórnenda í kjölfar efnahagshruns**

Ingi Rúnar Eðvarðsson og Guðmundur Kristján Óskarsson: **Útvistun og efnahagsþrengingar í þjónustufyrirtækjum**

Sigrún Gunnarsdóttir: **Hvernig nýtist „þjónandi forysta“ hjá sveitarfélögum í kjölfar hrunsins?**

Eyþór Ívar Jónsson: **Viðbrögð við krísu: Nýsköpun og sprotar**

Laugardagur 6. október, 13:00-16:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 229

Málstofustjóri: Jón Karl Helgason

---

### **Karlmennska og kapítalismi í íslenskum samtímabókmenntum**

Á undanförunum áratug hafa fjölmargir innlendir rithöfundar sent frá sér verk þar sem útrás íslenskra fyrirtækja og hrun bankakerfisins haustið 2008 koma beint eða óbeint við sögu. Í þessari (tvöföldu) málstofu beinist athyglin meðal annars að nýlegum skáldsögum eftir Þráin Bertelsson, Sigrúnu Davíðsdóttur, Steinar Braga, Einar Má Guðmundsson og Yrsu Sigurðardóttur en einnig að leikverki eftir Sjón og listrænum gjörningum Borgarleikhússins og Besta flokksins. Verkin og gjörningarnir verða sett í fagurfræðilegt og bókmenntasögulegt samhengi auk þess sem sérstöku ljósi er beint að þeirri gagnrýni á karlmennsku og kapítalisma sem fram kemur í þeim flestum.

Alaric Hall: **Útrásarvíkingar! The Literature of the 2008 Icelandic Financial Crisis**

Vera Knútsdóttir: **Hrun og hrollur: Fagurfræði óhugnaðar og fjármálahrúnið**

Soffía Auður Birgisdóttir: **Karlremba hrunsins: Um kynjamyndir í nokkrum íslenskum skáldsögum eftir hrun**

Einar Kári Jóhannsson: **Ufsagrýlur: Uppgjör við hugmyndafræði íslenska efnahagsundursins í skáldverkum Sjóns.**

14:30-15:00: *Hlé*

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir: **Andófgjörningar eftirhrunsins: Besti flokkurinn, búshaldabyltingin og upplestur Rannsóknarskýrslu Alþingis í Borgarleikhúsi**

Xinyu Zhang: **Þannig er saga okkar: Vangaveltur um skáldskap á tímum síðhrunsins og skáldsöguna *Hundadaga* eftir Einar Má Guðmundsson.**

Haukur Ingi Jónasson: **Hvað veldur, hver heldur? Hagkerfi hugans og íslenska bankahrúnið 2008**

**Laugardagur 6. október, 13:00-16:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, hátíðasalur**

Málstofustjóri: Vilhjálmur Árnason

---

### **Getum við nú rætt Icesave?**

Ekkert einstakt mál gagntók íslenska þjóðmálaumræðu jafnmikið í kjölfar fjármálahrunsins 2008 og deilan um ábyrgð Íslendinga á innlánsreikningum útibúa íslenskra banka í Bretlandi og Hollandi. Í málstofunni verður Icesave-deilan og áhrif hennar skoðuð frá sjónarhorni heimspeki, siðfræði, sagnfræði, lögfræði, hagfræði og stjórnmálafræði. Meðal þeirra spurninga sem glímt verður við eru: Hamlaði Icesave-málið því að þjóðin drægi lærdóma af hruninu og hver voru áhrif þess á þróun stjórnmála og samfélags? Voru siðferðilegar hliðar málsins vanmetnar?

Vilhjálmur Árnason: **Icesave og lærdómar af hruninu**

Guðmundur Hálfðanarson: **Icesave og ábyrgð þjóðar**

Stefanía Óskarsdóttir: **Áhrif Icesave á stjórnmálaþróun eftirhrunsáranna**

Guðrún Ögmundsdóttir **Hvernig komum við í veg fyrir annað Icesave?**

*14:30-15:00: Hlé*

Sævar Ari Finnbogason: **Siðferðileg ábyrgð og lýðræðið: hvað má læra af Icesavemálinu**

Margrét Einarisdóttir: **Icesave - áhætta borgar sig?**

Markús Þórhallsson: „Íslendingar eru ekki hryðjuverkamenn, hr. Brown“

**Laugardagur 6. október, 15:00-16:30. Háskóli Íslands, Aðalbygging, stofa 052**

Málstofustjóri: Gestur Guðmundsson

---

### **Úr atvinnuleysi í nám: Veruleiki eftirhrunsáranna**

Rannsóknin beinist að aðgerðum gegn atvinnuleysi 2010-2012. Í samráði við aðila vinnumarkaðarins var atvinnulausu fólki boðið að fara í nám og halda jafnframt atvinnuleysisbótum og notuðu um 2000 manns tækifærið. Rannsóknin tók til nokkurra hópa, fólks í bóknámi, verknámi, framhaldsskólum og þátttakenda í raunfærnimati, á meðan á námi stóð og eftir að því lauk. Helsti lærdómur rannsóknarinnar er að fyrrum brotthvarfsnemar hafa oft vilja og getu til náms, fá þeir stuðning til þess.

Gestur Guðmundsson: **Aðgerðir gegn atvinnuleysi 2010-2012. Hvaða krafta leysti**

**Hrunið úr læðingi?**

Hildur Betty Kristjánsdóttir: **Raunfærnimat: tækifæri til menntunarstökks fullorðinna**

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka: **Hvað olli brotthvarfi og hvað réð endurkomu til náms?**